Verkalýðsblaðið

13. tbl. 9. árg. | 11. ágúst 1980 | Verð: kr. 400,-

Vígbúnaður, togstreita og staðbundin stríð

Sjá opnu

10 ára afmæli Laxárdeilunnar

Sjá bls 7

Frelsishreyfing vex í M-Ameríku

Sjá bls. 2

Þeir eiga nóga peninga

Sjá baksíðu

Kvennaráðstefnan í Kaupmannahöfn:

Jafnréttisbarátta kvenna í 3. heiminum verður ekki skilin frá stéttabaráttu og baráttu gegn heimsvaldastefnu

Alþjóða kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna hófs 14. júlí sl. Jafnhliða var haldin opin ráðstefna (Forum) meir en 150 samtaka af hinum margvíslegustu gerðum, frá ýmsum stöðum heims. Þessi opna ráðstefna gerir konum mögulegt að tala opinberlega og bera fram kröfugerðir sínar; konum sem annars fá ekki að koma sínum skoðunum að á fulltrúaráðstefnu S.Þ. Á opnu ráðstefnunni eru því nær aðeins konur, en á S.Þ. ráðstefnuna sendu mörg lönd karla sem sína fulltrúa.



Domitilia Barrios de Chungara, námuverkamannskona frá Bolivíu

Mest áberandi á ráðstefnunum er, eins og búast mátti við, hin sterka pólitíska mótvherfa sem er á milli hagsmunaaðila vanþróuðu ríkjanna annars vegar og iðnþróuðu ríkjanna hins vegar. Til dæmis eru tvær höfuð skoðanir á því að hverju kvennapólitík á að beita sér, eða hvað kvennapólitík er. Önnur þeirra miðar oft við það að konur séu miklir friðarsinnar kvennapólitík sé alls ekki skyld þessum "venjulegu" milliríkjamálum og stórveldapólitík, efnahagskerfi og atvinnumál m.a. sé ekki nóg að bæta, heldur komi s.k. "sexismi" hér inn í þ.e. eins konar "kynferðisstefna" sem kúgi konur. Hin höfuð skoðunin á því hvað sé eða skuli vera kvennapólitík er í stuttu máli sú að baráttu sé þörf fyrir sjálfstæði og sjálfræði þjóða, gegn afturhaldi, kúgun og nýlendustefnu og að þetta sé skilyrði fyrir þróun og friði í 3ja heiminum. Þar á milli finnast svo margs konar afbrigði á þessum skoðunum, sem hér eru dregnar upp nokkuð hrátt.

framhald á síðu 6

Sprengjuregn og eiturgas

Dagblaðið Klassekampen í Noregi átti fyrir stuttu við tal við háttsettan fulltrúa afgönsku skæruliðasamtakanna Hann segir að sovétar hafi nú tekið upp þá stefnu að eyða þorpum og íbúum þeirra, þar sem grunur leikur á að skæruliðar haldi sig. Sovétmenn nota napalm, eldflaugar og sprengjur. Gegn eiturgasi noti menn gjarnan þá aðferð að brenna gúmmídekkjum því þungur reykurinn lyftir sér með eitrinu. Hroðalegar lýsingar á framferði sumra hermanna Sovétríkjanna og leppstjórnarinnar í Kabúl gagnvart konum og börnum eru reyndar þekktar af fréttum.

Fulltrúinn sárbænir um aðstoð. "Við erum dauðlegir - þeir geta útrýmt okkur með sama áframhaldi" - segir hann.

Eftir Olympíuleikana telur hann að Sovétmenn hefji stórsókn meðan heimurinn er upptekinn af kosningabaráttunni í Bandaríkjunum. "Miðlið upplýsingum, hafið hátt um Afganistan, hjálpið flóttafólkinu okkar og styðjið okkur efnalega" - segir afgani þessi sem leynir nafni sínu vegna þess að fjölskylda hans situr í fangelsum Kabúlstjórnarinnar.

Liðhlaup úr afganska hernum eru tíð, hér sést hluti heillar sveitar

Í tilefni innrásar 21. ágúst '68 Fundur Kommúnista samtakanna

21.ágúst nk. eru liðin 12 ár frá innrás Varsjárbandalagsríkja í Tékkóslóvakíu. Þegar þetta er ritað er enn óljóst hvort Samtök herstöðvaandstæðinga muni standa fyrir aðgerðum þann dag. Þeim ber skylda til þess, og hvetjum við þau eindregið til að samfylkja öllu stuðningsfólki Tékkóslóvakíu og annara ríkja þar sem Kremlverjar troða þjóðfrelsi fótum.

Að kvöldi 21.ágúst munu Kommúnistasamtökin halda annan fund sinn í röð fræðslu og umræðufunda. Fundarefnið er stríðshættan og alþjóðaástandið.

Meðal frummælenda eru Jón Baldvin Hannibalsson, Magnús Snædal og Ari T. Guðmundsson. Fundurinn verður í kjallarasal Hótel Heklu v/Rauðarárstíg og hefst hann kl 20:00. Kaffiveitingar, bóksala - aðgangseyrir kr 300.

Er stríð framundan?

Hvernig varðveitum við sjálfræði þjóðarinnar?

(Frá framkvæmdanefnd)

SAMNINGAR Á NÆSTA LEITI?

Svo virðist sem samninganefnd ASÍ sé komin á fremsta hlunn með að semja. Eftir öllum sólarmerkjum að dæma var hún búin að sætta sig við öll atriði í samningaviðræðum við samvinnuhreyfinguna nema þá helst hvað varðar þak á vísitölu. Umrætt þak virðist efst á baugi í yfirstandandi viðræðum við VSÍ.

Járniðnaðarfélögin hafa vakið athygli á sér í þessum viðræðum. Þeim kemur lítið til góða framlenging á samningum með einhverjum kaupbreytingum. Þau hafa á undanförnu ári eða svo verið að undirbúa uppstokkun á launaflokkun, m.a. með víðtækri könnun á yfirborgunum meðal félagsmanna. Svipaða sögu er að segja um bókagerðarfélögin.

Hjá topplíði ASÍ eru fokin út í veður og vind loforðin frá því í vetur um að stéttarsamböndin og einstök félög ættu að semja um sín mál. Þau málalok munu ekki verða til þess að sjónhverfingabrögð ASÍ, VSÍ og VMSS leiði til allsherjarfriðar. Óánægjan er orðin það mikil hjá einstökum hópum.

óhs.

Frelsishreyfing vex í M- Ameríku

erlent viðhorf

Til Mið-Ameríku teljast löndin milli Bandaríkjanna og S-Ameríku. Að Mexikó frátalinni eru þau 6: Honduras, Panama, Costa Rica, El Salvador, Nicaraqua og Guatemala.

Landsvæðið er frjósamt og ríkt að náttúruauðlindum. Þjóðirnar sem byggja löndin eru gamlar menningarþjóðir. En þrátt fyrir þetta er mikil eymd ríkjandi meðal alþýðunnar. Fátækt, ólæsi og sjúkdómar eru landlægar plágur en lítil forrík yfirstétt veltir sér samtímis upp úr vellystingum - gjarnan í skjóli erlends fjármagns. Í þessu er að sjálfsögðu að finna skýringar á ástandinu.

Spænskir, portúgalskir og síðar bandarískir arðræningjar hafa blóðmjólkað lönd og þjóðir M-Ameríku - ef til vill harkalegar en víðast annars staðar. Á okkar öld eru það bandarískir auðhringar sem hafa átt mest ítök í þessum löndum. Alræmdur er t.d. hringurinn United Fruit Corp. sem hefur komið háðsyrðinu "bananalýðveldi" á undirsáta sína. Og smám saman hafa landsölumenn eignast gífurlegar eignir og tekið sér völd í Mið-Ameríkuríkjum eins og óþokkinn Somoza frá Nicaraqua er dæmi um.

Óhjákvæmileg uppreisn

Sagan hefur sýnt ótvírætt að uppreisn alþýðu er óhjákvæmileg gegn ástandi eins og er í Mið-Ameríku. Enda má sjá að frelsishreyfingum í ríkjunum þar hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu árin í takt við minnkandi styrk Bandaríkjanna. Hreyfingarnar eru mjög fjölþættar. Í þeim má finna yfirstéttarfólk og ríkisstjórnir sem vilja aukið sjálfstæði t.d. í Panama. Hægfara borgaraleg öfl eru þar líka eins og núverandi ríkisstjórn El Salvador - þó svo hún ráði ekki við afturhaldið þar. Kirkjunar þjónar styðja margir frelsisöflin, t.d. jesúítar í Nicaraqua og biskupinn Romero, sem myrtur var í El Salvador. Þá er að telja fjöldann allar Suður-Ameríku eru verk breiðra samfylkinga sem oftast skortir samhæfa forystu.

Nicaragua á vit nýrra tíma

Byltingin í Nicaraqua er fagnaðarefni. Hún sýndi mátt alþýðufólks, aflétti kúgun og greiddi heimsvaldastefnu Bandaríkjanna þungt högg.

Samtímis má sjá ýmis merki um erfiðleika og hættur. Sandinistahreyfingin á erfitt með að uppfylla samtímis kröf of hratt yfir fólk. Sósíalísk hreyfing hefur svo sannarlega öðlast dapurlega reynslu af stjórnmálaflokkum og verkalýðshreyfingum, allt frá borgaralegum lýðræðissinnum til kommúnista og skæruliðahópa. Það er mikilvægt að skilja hlutverk og takmarkanir allra þessara aðila. Reynslan sýnir að byltingar í Mið- og ur íhaldsafla um áhrif og kröfur hinna fátæku um róttækar efnahagsaðgerðir. Hreyfingin er margþætt og svo virðist sem áhrifamiklir hópar mæti þessu vandamáli með því að minnka áhrif hinna hægfara og keyra breytingarnar af því að takmarka lýðræði um of í stað sannfæringar og sundra fjöldanum eftir skrifborðsreglum. Við munum hvernig fór fyrir Þjóðfrelsishreyfingu S-Víetnam og hvert þjóðfélagið í Víetnam er nú komið Moskvu og Kúbu er mikið í mun að ná fótfestu í M-Ameríku. Húsbændur þar ýta mjög undir flýtniverk í Nicaraqua og bjóða fram "bróðurlega hjálp" Hún getur svipt lönd sjálfstæði eins og Kúbu, eða kallað morðóðar hersveitir yfir alþýðuna eins og í Eríreu og Afganistan. Kúbumenn eru að taka að sér æ fleiri þætti uppbyggingar í Nicaraqua, t.d uppbyggingu menntakerfisins og fjölmiðlun. Hvaða upplýsingum og hugmyndafræði skyldu þeir sjá fólki fyrir?

Útför Oscars A. Romero, erkibiskups í El Salvador. Romero var harður gagnrýnandi einræðisstjórnarinnar. Hægrimenn réðust á 50.000 manna líkfylgdina, drápu 40 og særðu hundruð.

El Salvador í uppnámi

Flest bendir til þess að El Salvador verði næsta Mið-Ameríkuríkið sem sprengir af sér hlekkina og er það vel. Þróunin ætlar að verða mjög svipuð og í Nicaraqua nema hvað í El Salvador situr borgaraleg samsteypustjórn sem reynir að mjatla umbætur og koma í veg fyrir borgarastyrj öld.

Guatemala og þjóðardrykkurinn

Í Guatemala er lengra í stórsókn alþýðunnar en í El Salvador. Þar fara sendisveinar Kók-hringsins sínu fram. M.a. rændu þeir nýlega um 30 manna framkvæmdastjórn alþýðusambands landsins (CNT) Þrír verkalýðsforingjar og þrír verkamenn úr Kók-verksmiðjunum hafa auk þess verið myrtir.

Er ekki kominn tími til að beiðnir um aðgerðir gegn Kók-hringnum verði teknar alvarlega? Ef íslendingar þrýsta á Vífilfell h/f, sem framleiðir kók á Íslandi, munu ráðamenn þar áreiðanlega ýta við bossunum í Bandaríkjunum sem aftur geta breytt gangi mála í Guatemala.

Hvað getum við gert?

-agé.

Bólivíu blæðir

"Daginn eftir grófum við þá dauðu í kirkjugarðinum. Ég klifraði upp á garðsmúrinn og talaði. Við getum ekki þolað þetta sagði ég, það er ekki hægt að drepa fólk á þennan hátt, verkafólk sem fórnar sér, vinnur og sér landinu fyrir peningum. Það sem þeir gera okkur er ekkert réttlæti, það er ríkisstjórnin sjálf sem tekur af okkur aurana og það eina sem við biðjum um er að fá aftur það sem hún skuldar okkur, í nafni réttlætisins. Og þá koma þeir og slátra okkur, heiglarnir, skíthælarnir!"

Þetta eru orð Domitilu Barrios de Chungara, námuverkakonu frá Bolivíu, sem vakti mikla athygli á kvennaráðstefnu SÞ í Kaupmannahöfn. Hún er að lýsa viðbrögðum sínum við Jónsmessuvígum bólivísku herstjórnarinnar 1967. Núna eru slátrararnir byrjaðir á nýjan leik. Valdaránið í Bolivíu 17.júlí sl. batt enda á lýðræðisskeið í forsetatíð Lídu Gueilers. En hugrekki og baráttuvilja alþýðufólks á borð við Domitilu verður ekki eytt með vígum. VBL mun gera atburðunum í Bolivíu betri skil.

-agé.

Sovétríkin: HVAÐ BÝR UNDIR LANDVINNINGASTEFNUNNI?

framhald af síðu 5

áfram þessa ófreskju? Og ef það stenst að Sovétríkin sigli hraðbyri til 3.heimsstyrjaldarinnar, hvað býr þá að baki?

Skrifræðiskapitalismi

Fá mál, eða ekkert, hafa valdið meiri fræðideilum og meiri rugltingi meðal marxista allra tegunda, en afstaðan til Sovétríkjanna. Hið almenna er að benda á ríkiseign á framleiðslutækjum og miðstýrt áætlanakerfi í Sovétríkjunum og kalla það sósíalisma fyrir vikið. Öfáir hafa gerst fráhverfir sósíalisma við tilhugsunina.

Þeir menn sem greina þjóðfélagsgerð Sovétríkjanna og t.d. Kína fyrst og fremst út frá eignarhaldi á framleiðslutækjunum, hagstjórnaraðferðum (markaði eða áætlun), utanríkisverslun o.s.frv. eru að fást við ytraborð hlutanna þótt þessi atriði skipti auðvitað máli. Sósíalisminn er, eins og kapitalisminn, þjóðfélagslegt breytingaskeið við misjafnar efnahagslegar aðstæður. Til að dæma um þjóðfélagsgerð skoðar marxisminn framleiðsluafstæðurnar þ.e. innbyrðis stöðu stéttanna í framleiðslukerfinu sem jafnframt speglast í stéttareðli ríkisvaldsins. Kjarni kapítalískra framleiðsluhátta er arðránsformið þ.e. auðstéttin sem ráðstafar framleiðslutækjunum lifir á því að hirða og ráðstafa sér í hag gildisaukanum. Verkalýðurinn ræður engu þar um. Markmið framleiðslunnar er hámarksgróði - hámarksarðrán. Markmið sósíalísks áætlunarbúskapar er hins vegar skipuleg uppfylling félagslegra þarfa.

Arðránið í Sovétríkjunum fer fram gegn um bónussjóði til forstjóraveldisins og til ríkisins gegnum hina fnahagslegu miðstýringu. Það er fleira líkt en ólíkt með stöðu forstjóra eða toppmanns í sovéska ríkinu og hins vegar stjóra í ríkisfyrirtæki eða ríkisbanka á Íslandi. Verkamenn og -konur þar í landi eru arðrændir áhrifalausir launaþrælar eins og hér nema í mun meiri mæli. Það þarf mikla vanþekkingu eða pólitíska forherðingu til að halda fram að stéttarhagsmunir verkalýðsins ráði þar pólitík ríkisins, þegar byssur koma í brauðsins stað. Ný borgarastétt hefur haslað sér völl í Sovétríkjunum og skapað sér sína sérstöku tegund ríkiskapítalisma - skrifræðiskapítalisma.

Eftir að hámarksgróði var settur í forsæti í efnahagslífinu hafa Sovétríkin síaukið heimsvaldaumsvif sín. Þau herða tökin á bandamönnum sínum, reyna að auka efnahagsstyrk sinn gagnvart öðrum heimsvaldasinnum, keppa við þá um heimsmarkaðinn og pota sér fram um heim allan. Jafnframt hafa þau þanið út vígvél sína, flota um öll heimsins höf o.s.frv. Sagnfræðingum ber nokkuð saman um að efnahags- og herveldi Sovétríkjanna hafi fyrst gert alheiminn að vettvangi sínum á dögum Krúsjofs.

Sovéska kreppan

Vígvél Sovétríkjanna er sú öflugasta í heimi og hún eykur forskot sitt. Engu að síður hvílir hún á efnahagsgrunni sem er allt of veikur og sýktur af dýpkandi kreppu. Sú kreppa er ekki "klassísk" offramleiðslukreppa , en ekki síður alvarleg. Hinn sovéski skrifræðiskapítalismi virðist ófær um að halda uppi hagvexti. Frá 1950-58 og fram til 1980 hefur hann hrapað úr sirka 7% í 2% og stefnir á núll. Í landbúnaðinum er hann undir núlli. Þeir kremlverjar hafa hingað til reynt að leysa kreppuna með innflutningi á fjármagni, tæknibúnaði og korni vestan að. Sú leið er nú óðum að lokast. Að hluta til stafar það af viðskiptahöftum Vesturlanda vegna Afganistan. En fleira kemur til. Olíuþörf Sovétmanna vex nú talsvert hraðar en olíuvinnsla þeirra. Auk þess er gífurlega dýrt að nýta nýjar olíulindir í A-Síberíu og það er algjörlega háð vestrænum tæknibúnaði. Þróunin er sú að Sovétríkin eru að verða olíuinnflutningsríki. Þá tekur fyrir mest gjaldeyrisskapandi útflutning þeirra. Hvernig á þá að skaffa kornið og tæknibúnaðinn frá útlandinu? Það stefnir í drepandi kreppu innanlands, að ekki sé talað um samkeppninstöðu Sovétríkjanna á heimsmarkaðinum. Það er ekki tilviljun að helstu skotmörk sovésku vígvélarinnar nú eru hin olíuauðugu Austurlönd nær og hin tæknivæddu Vestur-Evrópa.

Að öðru leyti byggjast sérkenni sovésku kreppunnar á því að þar ríkir nú stríðshagstjórn eða hervæðing efnahagslífsins. Nálægt 20% af brúttó þjóðartekjum ríkisins renna til herútgjalda. Stríðsstjórnin skýtur á frest yfirvofandi vanda offramleiðslunnar. En eins og stríðshagstjórn alltaf gerir bindur hún efnahagslífinu stein um háls. Hergögn eru dauð framleiðsla nema til komi vopnasala eða stríð. Stríðsstjórn veldur efnahagslegu ójafnvægi, skerðir kaupmátt fólksins og eykur því kreppuna. Hún skapar ástand þar sem stríð er eina úr lausnin.

Stríð?

Á skeiði heimsvaldastefnunnar eru stríð óumflýjanleg. Heimsvaldasinnar ásælast meiri hráefni, markaði, vanþróuð lönd, iðnaðarsvæði... Landvinningastríð koma af samkeppni og ójafnri þróun stórveldanna. Hættan er mest þegar saman fer brýn efnahagsleg þörf stórveldis og mikill pólitískur og hernaðarlegur styrkur þess.

Samlíking Sovétríkjanna við Hitlers-Þýskaland er slá andi. Sovétríkin eru í sókn miðað við hitt stórveldið, eru þrúguð af innri kreppu, skortir markaði, beita stríðshagstjórn, fasisma, þjóðrembingi o.s.frv.

Spennan í heiminum og hraðinn á vígbúnaðinum vex nú mjög, sérstaklega vegna umbrota Sovétríkjanna.

Í ljósi þess sem hér er greint hafa marx-lenínistar um skeið slegið föstu að við lifum nú fyrirstríðsár.

Þórarinn.

Verkalýðsblaðið

Útgefandi: Kommúnistasamtökin
Ritstjóri: Ómar Harðarson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14 (í húsnæði Októberbúðar)
Opnunartími: kl. 16.00 - 18.00 þriðjudaga til föstudaga.
Sími: 29212
Pósthólf: 5186 125 Reykjavík
Girónr.: 12200-9
Prentað í prentsmiðju blaðsins

STYÐJUM AFGANI

21.ágúst minnir okkur á að Sovétríkin hafa kastað sósíalismanum fyrir borð og ganga langt fram fyrir Bandaríkin rænandi, ruplandi, nauðgandi og drepandi í Afganistan og víðar. Við kommúnistar hömrum á því að það felist mikil hætta á stórstyrjöld í fallandi stjörnu Bandaríkjanna og botnlausum efnahagserfiðleikum Sovétríkjanna og viljum vekja athygli á andvaraleysi íslendinga í því efni. Við viljum tengja saman baráttu gegn stríðsundirbúningi beggja risaveldanna og nýja stefnu í öryggismálum. Hlutleysi, landvarnir og almennilegar almannavarnir verða að hætta að vera frasar og ná að mynda skynsamlegt mótvægi gegn hættu á hernámi og átökum um landið.

En á meðan við íslendingar tökumst á um öryggismál okkar ber okkur skylda til þess að hjálpa þeim sem standa nú þegar í fremstu víglínu andspænis risaveldunum og þá sér staklega Sovétríkjunum. Bæði þarf að hefja beint hjálparstarf, svo sem fjársafnanir og kynningarstarf, og eins verður að þrýsta á stjórnvöld til að taka afstöðu sem gagnast þjóðfrelsisöflunum. Stuðningur við afgani, eri treumenn, nicaraquabúa eða kampútseumenn, verður að vera hafinn yfir deilur um íslensk öryggismál. Aðeins þá getur breið samstaða orðið á milli íhaldsins, krataflokkanna og kommúnista. Kommúnistasamtökin skora á önnur samtök og flokka að mynda stuðningsnefnd til aðstoðar baráttu afgana sem fyrst á grunni kröfunnar: "Sovétríkin burt úr Afganistan".

Slíkt væri góður skerfur í baráttunni fyrir friði.

Fánahylling í Moskvu

Íslensk íþróttahreyfing vill ekki blanda saman póli tík og íþróttum og Olympíulið okkar heilsar friðarsinnanum og mannvininum Brésneff með þjóðfánanum. Þetta eru ljót mistök eða hættuleg stefna. Það eru Brésneff og hans nótar sjálfir sem hafa notað íþróttir og Olympíuleikana til þess að breiða yfir fólskuverk sín, barnamorðin í Kabúl og hernám Tékkóslóvakíu. Þeir hafa orðið að bæta nokkr um rimlum í fangelsið Sovétríkin til að geta leikið þennan leik. Vegna þessa hefur pólitík og íþróttum verið blandað saman fyrir íslenska íþróttahreyfingu og hún bitið á agnið.

Gísli Halldórsson og fleiri íþróttafrömuðir hafa alls ekki varið íþróttaandann heldur aðstoðað við notkun hans í slæmum tilgangi. Og ágætir íþróttamenn okkar hafa orðið að eins konar gíslum í Moskvu - því miður. Ísland heilsar ekki Brésneff - aldrei.

1.8. -agé.



Kveðja frá AKP (m-l)

Kommúnistaflokkur verkamanna - AKP(m-l) í Noregi sendi Kommúnistasamtökunum kveðjubréf í júlí. Í bréfinu segir að flokkurinn sendi félögum samtakanna bestu kveðjur sínar og það sé fagnaðarefni að Einingarsamtökin og Kommúnistaflokkurinn skuli hafa sameinast.

AKP(m-l) mun færa tengsl sín við EIK(m-l) yfir á Kommúnistasamtökin og lítur svo á að sameining íslensku samtakanna hafi jákvæð áhrif á hina ungu marx-lenínísku hreyfingu í Evrópu.

(Frá framkvæmdanefnd KS)

Yfir hjallann

Sem kunnugt er hefur Verkalýðsblaðið átt við fjárhagsvandamál og starfræn vandamál að stríða undanfarið. Vegna þessa hefur blaðið komið út á þriggja vikna fresti í stað tveggja. Eins hafa orðið truflanir á útsendingu blaðsins til áskrifenda og sölumanna. Á þessu viljum við biðja lesendur velvirðingar. Kommúnistasamtökin leggja nú verulega vinnu í endurbætur á blaðinu og bætta fjárhagsstöðu.

Við viljum minna á að okkur vantar fólk til margs konar starfa, - skrifa, sölustarfa, innheimtu o.fl. Eins biðjum við lesendur að taka inn heimtufólki af skilningi eða greiða þegar í stað gíróseðla sem þeim berast.

Hjálpið okkur yfir hjallann.

Ritnefnd.

BSRB: Áhugasamir félagar bíða átekta

Verkalýðsblaðið leitaði frétta hjá fólki sem hefur starfað í hópi "áhugasamra félaga" í BSRB. Hópurinn hefur lítið aðhafst undanfarið, enda margir í sumarleyfi. Fólk fylgist þó með gangi mála og er ætlunin að halda fund þegar línur skýrast í samningaþófinu.

Sem vonlegt er eru margir almennir félagar BSRB orðnir æði þreyttir á stöðugum fréttum af samningafundum þar sem ekkert markvert gerist. Á meðan hækkar allt verðlag og enn er gripið til nýrra falsana á vísitölunni, með því að greiða niður sumar landbúnaðarvörur, einkum þær sem nánast ekkert er til af í landinu, svo sem erlendar kartöflur og 1.flokks dilkakjöt.

Eins og kunnugt er lagði samninganefnd BSRB fram gagntilboð í síðasta mánuði, þar sem slegið var u.þ.b. 50% af kröfugerðinni. Þetta er mikil tilslökun, en þrátt fyrir það ætti að nást næstum því sá kaupmáttur sem síðustu samningar hljóðuðu upp á (1977). (Upphaflega kröfugerðin miðaðist við kaupmátt þann er 100.000 kr krafa ASÍ frá haustinu 1975 fól í sér í byrjun).

Viðbrögð Ragnars Arnalds, fjármálaráðherra, við þessari miklu tilslökun BSRB voru afar neikvæð. Hann var mjög hneykslaður á, að ekki skyldi vera slegið meira af! Þó bauð hann af örlæti sínu 6000 kr ölmusu handa öllum BSRB-félögum, háum sem lágum. Það þýðir u.þ.b. 3% hækkun hjá þeim lægstu og 1% hjá þeim hæstu. Með þessu "tilboði" var kröfugerð BSRB fullkomlega hunsuð. Þetta leyfir ráðherra-sósíalistinn sér að gera, þótt honum mætti vera fullkunnugt um, að kjaraskerðingin frá síðustu samningum er rösk 20%. "Áhugasamir félagar" svöruðu ráðherranum í kjallara Dagblaðsins fyrir nokkru.

Hinir áhugasömu viðmælendur VBL voru nokkuð bjartsýnir þrátt fyrir allt. Þau höfðu enga trú á að almennir félagar BSRB muni samþykkja í allsherjaratkvæðagreiðslu samningsuppkast í stíl við það sem fjármálaráðherra hefur haldið á lofti sem hunsar alveg kröfugerð BSRB og býður ekki upp á neina teljandi kauphækkun. Vísuðu þau til reynslunnar af 3% tilboðinu í fyrravor, sem var kolfellt í atkvæðagreiðslu þá.

Þ.

Velheppnað sumarmót á Hallormsstað

Í Hallormsstaðaskógi héldu herstöðvaandstæðingar sumarmót um verslunarmannahelgina.

Verkalýðsblaðið hafði samband við Kristjönu Bergsdóttur, kennara á Egilsstöðum, sem þátt tók í undirbúningi mótsins.

Kristjana sagði að sumarmótið hefði heppnast með afbrigðum vel. Mótið var haldið inni í miðjum skógi og þegar flest var voru þar um 200 manns og 30 - 40 tjöld. Gott veður var.

Ástríður Karlsdóttir, hjúkrunarfræðingur, flutti ávarp í nafni miðnefndar herstöðvaandstæðinga og Sigurður O. Pálsson, skólastjóri á Eiðum, fór yfir það sem gert hefur verið til framdráttar baráttunni gegn herstöðvunum á Austurlandi.

Ýmislegt markvert var samþykkt á mótinu, s.s. nokkrar ályktanir og auk þess var samþykkt að stofna til Samtaka herstöðvaandstæðinga á Austurlandi og kosið í stjórn þeirra.

Hlutverk þessarar stjórnar var skilgreint á þá leið að hún ætti að vera n.k. miðill milli hinna ýmsu hópa herstöðvaandstæðinga á Austurlandi og útvega fræðsluefni og slíkt. Hún ætti að standa fyrir ýmsum sameiginlegum aðgerðum, s.s. að halda árlega sumarmót eins og það sem heppnaðist svo vel í Hallormsstaðaskógi, undirbúa og skipuleggja Stokksnesgöngu.

Aðalverkefni Samtaka herstöðvaandstæðinga á Austurlandi var skilgreint sem svo, að efla starfið á hverjum stað. Í þeim tilgangi var skipt upp í hópa í lok sumarmótsins eftir stöðum. Þessir hópar ræddu starfsmöguleika á eigin svæði og unnu sumir hverjir frumstarf á því sviði.

óhs.

Herstöðvaandstæðingar í Hrísey

Herstöðvaandstæðingar á Norðurlandi héldu sumarmót í Hrísey á Eyjafirði um verslunarmannahelgina.

Verkalýðsblaðið hafði samband við Guðmund Sæmundsson herstöðvaandstæðing á Akureyri og spurði hann fyrst um mótið. Hann sagði að mótið hefði heppnast vel. Það var að vísu fámennt en umræður um starfsemi herstöðvaandstæðinga og alþjóðaástandið voru líflegar og málefnalegar. Auk umræðna var lögð áhersla á útiveru mótsgesta.

Guðmundur sagði að næst á dagskránni hjá þeim fyrir norðan væri fundur 21.ágúst, en þann dag fyrir 12 árum réðust Sovétríkin inn í Tékkóslóvakíu. Einnig sagði Guðmundur að ætlunin væri að efna til dagskrár og kvikmyndasýningar um Chile þann 11.september. Auk þessa verður haustfundur herstöðvaandstæðinga á Akureyri fljótlega haldinn. Þar verður skipt um stjórn og undirbúnar tillögur fyrir landsráðstefnu Samtaka herstöðvaandstæðinga, en á Hríseyjarmótinu komu einmitt fram góðar tillögur og ábendingar. Að lokum sagði Guðmundur að þeir norðanmenn væru tilbúnir að taka á móti afgananum sem ætlaði að koma hér fyrr í sumar, þegar hann kæmi.

Hafst.

stríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðs
stríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðs
stríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðs

Vígbúnaður, togstreita og staðbundin stríð

Vígbúnaður, togstreita og staðbundin stríð, einkenna nú heimsástandið. Löngum hafa valdamenn vesturs og austurs prédikað hástemmt um frið og slökun, en að baki yfirlýsinganna liggur meira kapphlaup um yfirráð og vígstöðu en nokkru sinni fyrr.

Hvað öfl eigast við?

Enda þótt mest hafi verið rætt um spennu og slökun spennu milli risaveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, hefur sú móthverfa (þ.e. tveir andstæðir aðilar sem eiga í sífelldri baráttu sín í milli) ekki verið eins afdrifarík fyrir þróun heimsástands og móthverfa sú sem risaveldin tvö sameiginlega og þriðji heimurinn mynda. Undanfarna áratugi hefur þriðji heimurinn verið helsti andstæðingur bandarísku heimsvaldastefnunnar, ekki Sovétríkin. Og í dag er þriðji heimurinn helsti andstæðingur sovésku heimsvaldastefnunnar, ekki Bandaríkin. Barátta risaveldanna sín í milli hefur verið háð því hvernig þeim hefur vegnað í baráttu sinni gegn þriðja heiminum. Þá fyrst var það að Sovétríkin náðu sterkari stöðu á heimsmælikvarða að þjóðir þriðja heimsins höfðu unnið umtalsverðan sigur á bandarísku heimsvaldastefnunni og fylgifiskum hennar. Dæmi: Indókína, Litla Asía, Afríka. Með bolabrögðum og pólitísku svindli tókst Sovétríkjunum að pota sér með áhrif og ítök í nokkrum löndum þriðja heimsins og gera þau að leppríkjum sínum. Þetta gerðist í kjölfar þess að sigrar unnust á bandarísku heimsvaldastefnunni.

Á meðan styrkur þriðja heimsins heldur í við ásókn risaveldanna mun það draga úr líkum á því að stríð á milli risaveldanna tveggja brjótist út á næstu árum.

Hver er stríðsundirbúningurinn?

Það er erfitt að ímynda sér að stríðssérfræðingar risaveldanna hyggji á stríð þar sem barist verður á þeirra heimavelli. Hvorki Sovétríkin né Bandaríkin undirbúa slíkt stríð. Þeirra stríðsundirbúningur miðast við árás og stríð utan heimalands. Þess vegna hreiðra risaveldin um sig í herstöðvum út um allan heim og byggja upp hernaðarkerfi sem þjónar árásarmarkmiðum. Þess vegna setja Sovétríkin upp herstöðvar í Afríku og Asíu (Víetnam). Þess vegna staðsetja Sovétríkin mikinn hluta herafla síns í leppríkjunum austan tjalds. Þess vegna varð missir Indókína, Irans, Nicaraqua o.fl. svo mikið áfall fyrir Bandaríkin. Þess vegna eru Bandaríkin á höttunum eftir því að staðsetja gífurlegar vopnabirgðir í Evrópu.

Það var einu sinni sagt að líkja mætti heiminum við veisluborð og að þau ríki sem settust að þessu veisluborði yrðu gráðugust. Sovétríkin eru nýkomin að veisluborðinu og það sem meira er, hafa þau styrk til að sölsa undir sig ríkulega af því sem á boðstólum er. Sovétríkin hafa sýnt að þau eru tilbúin í slaginn og að þau séu ekki minna gráðug en gráðugustu fyrirrennarar þeirra. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar við skoðum ástandið í heiminum núna og hyggjum að því hvert stefnir.

Ísland er hernaðarlega mikilvægt

Hvort sem við viljum eða ekki, verður ekki hjá því komist að land okkar er staðsett þannig að bæði risaveldin hafa augastað á því til hernaðarnota. Bandaríkin eru hér með herstöð og landið er í NATO. Umhyggja Bandaríkjanna er ekki slík að verið sé að hugsa um þessar 230000 sálir sem hér búa, heldur er það mikilvægi það sem staðsetning landsins veldur, sem er efst í huga herranna í Pentagon og Washington. Sovétríkjunum er NATO-stöðin hér á landi þyrnir í augum vegna þess að hún gæti spilað stórt hlutverk í því að hindra sovéska flotann í því að komast suður úr Atlantshafi frá herstöðinni við Múrmansk. Sovétríkin líta landið líka hýru auga, því ef þeim tækist að ná herstöðinni hér og nota landið sem herstöð, er ljóst að þau hefðu öll völdin á N-Atlantshafi í hendi sinni og þar með siglingaleiðinni frá Bandaríkjunum til N-Evrópu. Það er því eins gott að horfast í augu við þetta og gera einnig ráð fyrir því að Sovétríkin reyni að hernema landið og gera NATO-stöðina óvirka. Þetta þýðir að þegar í upphafi stríðs verður barist á Íslandi. Erum við undir það búin?

3 leiðir að V-Evrópu

Mikilvægustu hernaðaraðgerðirnar sem tengja Ísland stríði milli risaveldanna eru í sambandi við herflutninga Bandaríkjanna til Evrópu og tangarsókn Sovétríkjanna suður Atlantshaf. Það er eðlilegt að gera ráð fyrir því að Sovétríkin sæki að V-Evrópu á þrjá vegu. Norðan úr Hvítahafi fer floti suður úr til landgöngu á vesturströnd Evrópu og til þess að hindra herflutninga Bandaríkjanna á sjó. Einnig verður N-Noregur hernuminn og flugvellir þar notaðir til að hindra loftflutninga Bandaríkjanna. Ísland verður hernumið og Keflavíkurflugvöllur notaður sem flugstöð til að hindra loftflutninga frá Bandaríkjunum.

Úr Svartahafi og að líkindum frá Indlandshafi fer floti inn í Miðjarðarhaf til landgöngu í Miðjarðarhafslöndum. Úr austurevrópulöndunum, A-Þýskalandi og Tékkóslóvakíu fer her búinn þungum vopnum, skriðdrekum og eldflaugum, inn í V-Evrópu og Eystrasaltsflotinn leggur að suðurhluta Danmerkur og Sahlésvík - Holstein og klippir norðurlöndin frá meginlandinu.

Viðbrögð Bandaríkjanna við þessu nú eru að staðsetja miklar vopnabirgðir í V-Evrópu til þess að hafa allt klárt fyrir 1,5 milljón hermanna sem senda á yfir hafið á stuttum tíma.

Ísland á samstöðu með þriðja heiminum

Á sama hátt og risaveldin ásælast ítök í þriðja heiminum til þess að styrkja stöðu sína hvort gagnvart öðru, nota þau Ísland. Ísland er lítið land, sem vegna staðsetningar sinnar er áhuga vert fyrir risaveldin í hernaðarlegu tilliti. Auk þess freista náttúruauðæfi landsins.

Undanfarnir áratugir hafa sýnt að eina aflið sem veitt hefir bæði Bandaríkjunum og Sovétríkjunum viðnám er afl það sem virkjað hefur verið í þriðja heiminum. Þjóðir þriðja heimsins þurfa á samstöðu og stuðningi að halda frá löndum eins og Íslandi, þ.e. minni auðvaldslöndum.

V. I. Lenín:

Orsakir strí

Fræðilega væri það algjörlega rangt að gleyma því að allar styrjaldir eru einungis framhald pólitíkurinnar með öðrum aðferðum. Heimsvaldastyrjöldin í dag er í beinu framhaldi af pólitík tveggja hópa stórvelda, og þessi pólitík er afkvæmi, allra aðstæðna á heildartímaskeiði heimsvaldastefnunnar. En einmitt þetta tímaskeið

Sovétríkin: HVAÐ BÝR UNDIR LAN DVINNINGASTE UNN?



Síðustu 3 ár hafa brotist út þrjár meiriháttar styrjaldir í heiminum. Stórsókn Eþíópíu gegn Erítreumönnum, þjóðarmorðið í Kampútseu og innrásin í Afganistan. Í öllum tilfellunum er rússneski björninn árásaraðilinn eða aðal bakhjarl árásar. Heimurinn einkennist af hernaðarlegri og nokkurri pólitískri sókn Sovétríkjanna á meðan Bandaríkin horfa lémagna á ný og ný svæði ganga sér úr greipum. Hvað varðar áhrifasvæði, hafa Bandaríkin þó enn vissa yfirburði, sérstaklega þróuð iðnaðarsvæði V-Evrópu. Það einkennir útþenslustefnu Sovétríkjanna undanfarin ár, að það er ekki beint efnahagslegt mikilvægi landsvæða sem stjórnar henni heldur hernaðarlegt gildi með tilliti til stórstyrjaldar. Erítrea, S-Jemen og Afganistan eru léttvæg sem markaður og hráefnalindir en koma Sov-

Afstaða kommúnista

Hvaða afstöðu eiga íslenskir kommúnistar að taka gagnvart stríðshættunni og hvaða kröfur eiga þeir að setja fram fyrir stríðsvörnum?

Hingað til hefur stefnan verið fremur almenn. Fyrst í stað beindist hún aðallega að kröfunum fyrir brottför bandaríska hersins af landinu og úrsögn Íslands úr NATO. Seinna komu Sovétríkin inn í dæmið, sem ógnvaldur friðar og þá beindist baráttan einnig gegn stríðsbrölti þeirra og krafan varð: "Gegn stríðsundirbúningi risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna." Í nokkur ár hefur þessi krafa verið í stuttu máli krafa kommúnista, en að öðru leyti hefur hún lítt verið mótuð. Það má ekki tefjast mikið lengur að íslenskir kommúnistar setji fram ákveðna og heilsteypta afstöðu gegn styrjaldarundirbúningnum og fyrir vörnum Íslands. Í Verkalýðsblaðinu hafa að undanförnu farið fram nokkrar umræður um NATO, kanaherinn og stríðshættuna. Það hafa komið fram hugmyndir um stefnu kommúnista í þessum málum. Undirritaður hefur tínt úr þeim það sem honum hefur litist best á, einnig hefur hann sett hér á blað sem tillögur um stefnu kommúnista á Íslandi í þessum málum:

1. Ísland vinni gegn stríðs-

hættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættan
hættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættan
hættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættanstríðshættan

ðs

hlýtur líka að leiða af sér og laða fram pólitík sem byggir á baráttu verkalýðs gegn borgarastéttinni. Þar af leiðandi hlýtur það einnig að bera með sér og laða fram möguleikann á og óhjákvæmileik; í fyrsta lagi byltingarsinnaðra þjóðlegra uppþota og stríða; í öðru lagi verkalýðssinnaðra stríða og uppþota gegn borgarastéttinni; og í þriðja lagi samblands af báðum tegundum byltingarsinnaðra stríða o.s.frv."

Úr Lenín: "Den proletariske revolusjonens krigsprogram" (Stríðsáætlun verkalýðsbyltingarinnar). Skrifað í september 1916.
Í hefti frá Oktoberforlaginu í Oslo 1976 "Sosialisme og krig" bls 43.



étríkjunum í lykilstöðu gagnvart stærsta olíuforðabúri vesturheims - við Persaflóa. Að stórstyrjöldin er Kreml-verjum alvörumál sést best á þeirri pólitísku fórn sem þeir færa í Afganistar. Þeim gat aldrei dulist að hún bakaði þeim alvarlegan álitshnekki meðal þjóða heims. Með innrásinni í Afganistan komst útþenslustefna Sovétríkjanna á nýtt stig. Með henni réðust rússar í eigin persónu inn í land utan við sovétblokkina í fyrsta sinn eftir stríð.

Vígbúnaður Sovétmanna, hervæðing til sóknarstríðs en ekki landvarna, talar sínu máli og er það meðhöndlað í annari grein.

Sovétríki nútímans eru grá ug ófreskja sem færist í aukana og ógnar allri heimsbyggðinni. Spurningin er þessi: Hvað er það sem rekur

framhald á síðu 2

undirbúningi risaveldanna beggja - Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Herinn verði því látinn hverfa af landinu og gengið úr Atlantshafsbandalaginu (NATO).
2. Ísland efli sinn eigin viðbúnað við styrjöld;
a) Íslendingar verði sendir erlendis til að kynna sér nútíma hernað og varnir gegn honum.
b) Hafin verði almennings-fræðsla í viðbrögðum gegn hverskyns hernaðarárásum og geislamengun.
c) Kynntar verði áætlanir almannavarna um skyndiflutning fólks frá byggðarlögum sem í hættu kynnu að verða. (Skv. viðtali við Guðjón Petersen í 1.tbl. 6.árg. Dagfara, eru slíkar áætlanir til fyrir öll byggðarlög landsins. Ekki dugir að lúra á slíkum áætlunum almenningur verður að fá að vita hvernig þær eru.)
d) Byggð verði vönduð og nútímaleg loftvarnarbyrgi.
e) Tryggðar verði lágmarksbirgðir helstu nauðsynja í landinu og öllum landshlutum, er nægja til a.m.k. hálfs árs. Ísland stefni að því að verða sem mest sjálf bjarga með orku og helstu nauðsynjar.
3. Ísland lýsi yfir því markmiði að það vilji skipa sér í sveit hlutlausra ríkja í hvers kyns stórveldaátökum

Ég vil hvetja lesendur til að segja álit sitt á þessum málum, það er ekki hægt að bíða lengi með að móta stefnu, því að kannski er styttra í stórveldaátök en margur hyggur.

Hafst.

Bandaríkin sækja sig

3600 herstöðvar

Líklega reynum við að meta völd stórvelda eftir herstyrk, ítökum í öðrum löndum og efnahag.

Á árunum eftir 1950 báru Bandaríkin höfuð og herðar yfir öll önnur ríki. Her þeirra var t.d. öflugri en herir allra Evrópuríkjanna og Sovétríkjanna samanlagt. Þau höfðu að auki 3600 herstöðvar á erlendri grund og réðu nærri fjórðungi heimsframleiðslunnar.

En risinn á leirfótunum hefur sannarlega látið á sjá. Það mætti rekja með því að skoða tölur um herstyrk, herstöðvar og efnahagsmál, en einfaldast er að dæma þróunina af breytingum á afskiptum Bandaríkjanna af málefnum annara ríkja.

Orð í stað byssu-byssukúlna

Eftir styrjaldarlok áttu Bandaríkin einhvern þátt í nær öllum innanlandsátökum í heiminum. Nú er þessu þver öfugt farið. Í stað byssunnar talar diplómat og í stað árásarliðs kemur vopnasala á milliríkjaplani. Hótunum er ekki lengur fylgt eftir nema í mjög smáum stíl. Atburðir í Nicaraqua eða Íran hefðu ekki orðið á sömu lund fyrir 10-20 árum síðan. Aukin áhrif og samstaða Evrópuríkja gagnvart Bandaríkjunum er líka tákn um nýja tíma svo ekki sé minnst á styrk 3. heimsins sem setur risaveldunum stólinn fyrir dyrnar æ ofan í æ. Þíðan gagnvart Kína kemur af illri nauðsyn séð af bandarískum sjónarhóli og meira að segja fornvinir og "endurreisnar". Kjör afturhaldsmannsins Reagans til forseta væri sigur harðlínumanna í efnahaga- og hermálum. Hér verður ekki fjallað um efnahagsmál Bandaríkjanna en þess í stað litið á herstyrkinn.

Þótt erfitt sé að spá í herstyrk vegna mismunandi talna um vopnabúnað þá fer ekki á milli mála að um stöðnun hefur verið að ræða í Bandaríkjunum eins og meðfylgjandi tafla ber með sér. Að vísu hafa vopn verið gerð nýtískulegri á sumum sviðum. Flugherinn er gott dæmi, en flotinn aftur á móti ekki, þar er enn mikið notast við gömul skip. Sovétríkin standa Bandaríkjunum framar á sviði vélahernaðar, langdrægustu eldflauga, flotahernaðar og efnahernaðar.

Breytt stjórnlist

Meðan Bandaríkin höfðu algera kjarnorkuyfirburði yfir Sovétríkin byggðist stjórnlist Pentagon á hræðslupólitík. Hótað var hrikalegri kjarnorkuárás ef sovétmenn færu "út fyrir" sinn heimshluta. En með Kúbudeilunni varð ljóst að brátt gæti Kreml borgað í sömu mynt.

Þá breyttu bandarískir hermálafrömuðir um megin stjórnlist, tóku upp endurgjaldsstefnu. Með henni átti að svara hverri árás Sovétmanna í sömu mynt. En með tímanum kom í ljós að NATO gat t.d. ekki svarað fyrir sig á sviði venjulegs véla- og sóknar hernaðar á landi (sjá töflu). Leifturinnrás í Evrópu yrði ekki stöðvuð. Svar Pentagon og NATO var að þessu sinni Sovétríkin stoðvun hjálparleiðangursins yfir hafið.

Afganistan snýr taflinu við

Með innrásinni í Afganistan sýndu Sovétríkin að sókn er hafin, ef tekið er tillit til tengsla þeirra við önnur árásarstríð. Bandaríkin hafa svarað með nýjum herstöðvum erlendis (t.d. í Tyrklandi), með því að fjölga skipum í fastaflota sínum (t.d. á Indlandshafi) og hafið viðræður við NATO-lönd um að koma upp hergagnageymslum til þess að minnka hættuna á misheppnuðum hjálparleiðangri yfir hafið. Þrálátar kröfur um aukin herútgjöld og nýboðuð skrásetning vopnfærra manna í Bandaríkjunum benda til vaxandi vígbúnaðar þeirra og aukinnar stríðshættu.

SALT er svikið

Sovétríkin standa Bandaríkjunum framar hvað snertir stórar milliálfa eldflaugar með kjarnaoddum. Bandaríkin eiga hins vegar fleiri MIRV-flaugar með mörgum kjarnaoddum, sem hver getur náð sjálfstæðu skotmarki.

SALT 1 og SALT 2 samningarnir hafa í sjálfu sér ekki umtalsverð áhrif á kjarnavopnabúnaðinn því að það rúmast meira en nóg af honum innan ramma samninganna. Svo er farið kring um þá af list, t.d. með því að skilgreina gerð kjarnavopna eftir eigin höfði.

Auk þess mega Sovétríkin smíða og setja upp sínar SS-20-eldflaugar í S-Rússlandi meðan Bandaríkin mega ekki smíða eða setja upp flaugar

YFIRLIR YFIR ÞRÓUN VÍGBÚNAÐAR RISAVELDANNA

	1966		1971		1976		1978	
	USA	USSR	USA	USSR	USA	USSR	USA	USSR
Langdrægar landflaugar	904	292	1054	1513	1054	1527	1054	1400
Langdrægar kafbátaflaugar	592	107	656	448	656	845	656	1015
Sprengjuflugvélar með kjarnavopnum	600	155	455	145	387	135	366	135
MIRV	-	-	164	-	1046	140	1046	370
Minni sprengjur	1496	399	2446	1961	7274	2970	11.254	4635
Skriðdrekar í Evr. (NATO og Varsj)	-	-	-	-	-	-	11.000	27.300
Floti (1967)	235	128	-	-	-	-	299	601
Hermenn (1967)	3.400.000	3.200.000	-	-	-	-	2.020.000	4.400.000

(Heimild IISS Military Balance)

Washington, síonistarnir í Ísrael, horfa upp á biðlanir bandarískra ráðamanna til PLO og arabaríkja.

Samtímis hafa útgjöld til hermála verið lækkuð og herstöðvum erlendis fækkað.

Allt talar þetta skýru máli Bandaríkin eru veikari og bitlausari en áður, þótt þau séu enn voldug á heimsmæli kvarða.

Vopnastyrkurinn breytist

Í efnahagslífi Bandaríkjanna verða kreppueinkennin sífellt augljósari. Um leið verða þær raddir háværari sem krefjast harðari stefnu hugmyndin um ævintýralegan hjálparleiðangur. Í Ocean Safari-æfingunum er gert ráð fyrir flutningi 1.2 milljóna hermanna og 12 milljóna lesta hergagna yfir Atlantshafið til hjálpar Evrópuríkjunum. Minni hjálparleiðangrar eru ætlaðir innan Evrópu. Í Anorak Express-æfingunni var t.d. æfð landganga í N-Noregi en þangað á að senda allt að 12 þúsund manna lið ef innrás verður gerð í landið.

Á þessu sést að Sovétmenn hafa stundað markvissan vígbúnað og komið sér upp ákjósanlegri stöðu, en Bandaríkin aftur á móti hrapað að ráðaleysi og vafasamri stjórnlist Í Ocean-æfingum sínum æfa með meira em 600 km skotdrægni fram til árloka 1981.

NATO bíður því eftir að geta komið fyrir Pershing II flaugunum eftir það í Evrópu. En Kreml kallar slíkt ógnun ásamt neftrónusprengjunni. Sjálfir munu Kremlverjar ráða yfir neftrónusprengju, um 400 SS-20-flaugum og 600 SS-4 og SS-5-flaugum í árslok 1983 þegar NATO hefur lokið við að staðsetja um 120 Pershing-flaugar. Svona falskur er SALT-leikurinn.

Samningar og friðartal risaveldanna felur einungis þá staðreynd að þau keppa að yfirburðarstöðu og geta hafið stríð.

-agé.

NATO — EKKI NATO?

Ég fagna því að menn eru farnir að ræða þessa spurningu í alvöru. Það er tími til kominn, að við sem köllum okkur kommúnista, getum fært rök að stefnu okkar og séum ekki feimnir við að nálgast málið frá mörgum hliðum.

Hvað er markmið okkar?

Að mínu viti verða allar okkar aðgerðir að miða að tvennu. Í fyrsta lagi að draga úr stríðshættunni og í öðru lagi að búa þannig um hnútana, að hagsmunum íslenskrar alþýðu sé sem best borgið skelli á styrjöld. Þessi atriði verðum við að hafa að leiðarljósi þegar við mótum afstöðu okkar til NATO og hersins og í öllum utanríkismálum.

Hvernig er hægt að draga úr stríðshættunni, fresta yfirvofandi heimsstyrjöld eða koma í veg fyrir hana? Yfirvofandi heimsstyrjöld stæði að öllum líkindum á milli USSR og USA. Ég sé ekki nema tvær leiðir, til að draga úr styrjaldarhættunni. Annars vegar bylting í öðru eða báðum þessara ríkja, eða þá að staða þeirra veikjist á þann hátt að lönd og þjóðir rífi sig undan yfirráðum risaveldanna. En það er ekki nóg að rífa sig frá öðru og hlaupa síðan beint í faðm hins, heldur verða þjóðirnar að skipa sér í flokk óháðra ríkja og reka sjálfstæða stefnu gagnvart báðum risaveldunum. Þannig held ég að friðarlíkur ykjust ef t.d. Vestur-Þýskland segði sig úr NATO, ef það á sama tíma legði áherslu á að mikilvægt væri að reka stjálfstæða utanríkisstefnu. Sama máli gegnir um ríki Austur-Evrópu.

Að binda trúss sitt við risaveldi

Ég tel að hvernig sem við veltum þessum málum fyrir okkur þá sé það röng stefna að binda trúss sitt við annað risaveldanna. Þó svo Sovétríkin séu það ríki sem ógnar heimsfriðinum mest, þá eru Bandaríkin engan veginn tamlaus tík og ekki bendir forsaga þeirra til þess að þeir séu vandir að meðulum þegar hagsmunir þeirra eru í veði.

Með því að binda trúss okkar við Bandaríkin þá erum við að opna bakdyrnar fyrir árás. Árás sem við stæðum berskjölduð fyrir. Þá gæti komið upp svipuð staða og í Noregi í síðari heimsstyrjöldinni. Þar álitu kommúnistar breta aðalóvinina og beindu allri baráttu gegn þeim. Þjóðverjar voru taldir hættulausir. (Hugsanlega vegna friðarsamninga við Sovétríkin).

Ef við hættum baráttu gegn heimsvaldastefnu USA og telj um rétt að Ísland sé í NATO, þá stendur þessi gryfja galopin fyrir okkur að álpast í.

Þó að kínverjar sjái sínum hag best borgið með náinni samvinnu við Bandaríkin, þarf ekki það sama að gilda fyrir okkur.

Ísland úr NATO
— herinn burt!

Eiríkur



Greinarhöfundur vill ekki binda trúss sitt við risaveldi.

skiptar skoðanir

Ísfirðingar segja sitt

Hópur áskrifenda og félaga á Ísafirði hélt fund fyrir skömmu um VBL og sendi blaðinu bréf.

Fannst hópnum blaðið vera þarft en að deyfðarsvipur hafi verið á því undanfarið. Sem betur fer væri minna af því sem ísfirðingar kalla óskiljanlegt fræðslustagl. Auglýst var eftir meira efni um stöðu Íslands og okkar íslendinga nú. Mikið ræddu menn um lýðræði og vandamálin sem koma upp þegar virkja á fjöldann. Síðan segir: "Deyfð VBL stafar einkum af of lítilli þátttöku þeirra sem skrifa í umræðum, rannsóknum og baráttu. Mesti greiði sem við gætum gert blaðinu væri að hefja skipulagt nám og starf hér á Ísafirði, þá skapaðist smám saman aukin þörf fyrir blaðið til að miðla fréttum og hugmyndum til fólks á ýmsum stöðum".

-fréttaritari.

Styttri greinar og bréf

Af gefnu tilefni beinir ritnefnd því til allra sem senda blaðinu bréf til birtingar að gæta að lengd þeirra. Verkalýðsblaðið hefur takmarkað rúm fyrir lesendabréf og lága útgáfutíðni. Þess vegna getum við ekki birt bréf sem eru meira en ein til ein og hálf vélrituð síða að lengd. Berist lengri bréf verðum við að stytta þau. En ágætu lesendur, þið megið gjarnan skrifa okkur oftar!

Ritnefnd.



Hvar eru sölumenn Verkalýðsblaðsins?

lesendabréf

Verkalýðsblaðið er ólíkt betra blað en Verkalýðsblaðið og Stéttabaráttan voru fyrir 2 árum síðan. Þeir sem eiga gömul blöð í fórum sínum ættu að draga þau fram og bera þau saman við síðustu tölublöð hins nýja Verkalýðsblaðs.

Fyrir 2 árum síðan voru seld fleiri hundruð blöð - já, jafnvel þúsund - af hverju tölublaði af Verkalýðsblaðinu, en undanfarið hafa selst vel innan við 100 blöð! Hvað er hér á seyði?

Þeir fáu sem hafa selt blaðið undanfarið láta vel af sölunni. Það eru bara allt of fáir sjálfboðaliðar, sem láta hendur standa fram úr ermum. Afleiðingin er m.a. sú að fjárhagur blaðsins er í molum. Ástandið er svo slæmt , að starfsmaður blaðsins hefur ekki fengið greidd laun fyrir 2 síðustu mánuði. Finnst ykkur þetta hægt, ágætu félagshyggjumenn?

Öll áform um að vélsetja blaðið og bæta útlit þess á annan hátt verða að bíða, ef ekki tekst að auka lausasöluna til muna og afla nýrra áskrifenda af auknum krafti. Hvernig væri nú að labba niður á Frakkastíg 14 milli kl 16:30 og 18:30 og taka nokkur blöð í sölu?

Gamalreyndur sölumaður

Þátttöku Ísrael á kvennaráðstefnunni mótmælt.

Kvennaráðstefnan

framhald af forsíðu

Pólitísk ráðstefna

Hér verða rakin aðeins nokkur atriði frá því sem gerðist fyrstu dagana í Kaupmannahöfn:

Við setningu opinberu S.Þ.-ráðstefnunnar mótmæltu afganskar fjölskyldur. Á spjöldum þeirra og borðum stóð m.a.: "Stöðvið skothríð rússanna á afganskar skólastelpur sem mótmæla" og "afganska sendinefndin sem rússar hafa valið í er ekki fulltrúi afgönsku konunnar".

Lisa Östergaard menningarmálaráðherra dana varaði sterklega við því að ráðstefnan yrði gerð "ónauðsynlega pólitísk". Þarna er auðvitað fyrst og fremst átt við aðstöðu Palestínuþjóðarinnar. Hún og fleiri ásamt Ísraelum börðust af hörku gegn því að vandamál Palestínu bæru á góma, að réttur Ísraela til hertekna landsins yrði dreginn í efa og sionismi settur jafnhliða kynþáttahatri. Ísraelar slepptu sér algerlega á laugardagsfundi fyrir ráðstefnuna undir ræðu Suður-Afríku, sem benti skýrlega á vináttu Ísraela við fasistastjórn hvítra í S-Afríku, og setti meðhöndlun Ísraela á palestínsku þjóðinni jafn hliða kynþáttastefnunni í S-Afríku. Þeir sömu Ísraelar gripu ákaft fram í umræðurnar seinna um arabavandamálin með því að spyrja spurninga eins og "hvers vegna eru arabískar konur seldar fyrir tvo asna?" og "hvers vegna er snípurinn fjarlægður á arabískum konum?". Þær ætluðu sem sé greinilega að reyna að beina allri athygli frá stöðu palestínskra kvenna undir hernámi Ísraels og reyna að fá fundarstjórn til að taka þetta af dagskrá. Þeim varð nú ekki kápan úr því klæðinu, því seinna á ráðstefnunni var gerð sam þykkt um að palestínskar konur skyldu S.Þ. styðja í samráði við og í samvinnu við PLO, á seinni helmingi "kvennaáratugsins" (80-85).

Pyntingar í Ísrael

Það hefur líka komið fram á opnu ráðstefnunni hvað spurningin um Palestínu er Ísraelum mikilvæg, eins of t.d. á opnum fundi sem Amnesty International hélt um pyntingar. Frú Tamar Eshel, ísraelskur þingmaður, mætti þar með tveimur öðrum. Um leið og palestínskur fulltrúi tók til máls mótmælti Eshel og fundarstjórn með því að hún væri að blanda pólitík inn í umræðurnar. Þetta var kveðið niður af latin-ameriku mönnum. "Það er sama hvar í heiminum þær koma", sagði kona frá Brasilíu, þær fá ekki að taka til máls. Við settum upp leikrit í Brasiliu þar sem palestínumenn áttu að koma fram, þá kom lögreglan fyrir sprengjum í salnum". Það var því þátttakendafjöldanum á fundinum að þakka að þarna fengu konur að tala um pyntingar.

Hér verður að nefna þann mikilvæga þátt sem latín-amerískar konur hafa átt í ráðstefnunni sem málsvarar kvenna í vanþróuðum ríkjum og þeirra sem búa við fasisma. Konur frá Bólivíu, Brasilíu, Chile o.fl. löndum hafa staðið saman með konum frá öðrum vanþróuðum ríkjum í því að álíta sjálfstæði þjóða forsendu frelsis þ.á.m. kvenna, og þær hafa reynt að kynna hversu konur þeirra landa eru hörmulega réttlausar á öllum sviðum, og hví líka þrælkun þær eiga við að búa.

Ísraelsk lúxusfangelsi

Ísraelar sögðu á blaðamannafundi að bréf hefðu borist frá fyrrverandi föngum í ísraelskum fangelsum þar sem þeir þökkuðu fyrir vistina! Haldið var fram að ísraelsk fangelsi væru ekki síðri en Hilton Hótel.

Í undirbúningsvinnu tóku þátt m.a. þrjú kvennasamtök síonosta en engin palestínsk. Það skýrir hvers vegna stóru fundirnir taka ekki palestínumálið á dagskrá.

Önnur öfl sem standa nokkuð sterkt á opnu ráðstefnunni einhvers konar friðarsamtök kvenna, sem eiga frumkvöðla sína í moskvusinnum í Kommúnistaflokki Finnlands. Svipað er uppi á teningnum með alþjóða kvennasamtök Moskvu (á Íslandi MFÍK?). Þessi öfl eru e.t.v. skýringin á því að Afganistan, Erítrea og Kampútsea eru ekki nefnd í sambandi við flóttamannavandamálin!

Byggt á fréttagreinum í "Klassekampen" í Noregi 14.-18. júlí 1980.

Á.Þ.

TOM ROBINSON

tónlist

Rokkað gegn kynþáttamisrétti

Rokk gegn kynþáttamisrétti (Rock Against Rasism - skammstafað RAR) nefnist hreyfing í Bretlandi. Markmið hreyfingarinnar er að halda úti áróðri gegn kynþáttamisrétti með stöðugu tónleikahaldi, blaðaútgáfu, flugmiðadreifingu o.fl.

RAR var stofnað sumarið 76 af nokkrum félögum í Sósíalíska verkalýðsflokknum (Social Workers Party).

Ástæðan fyrir stofnuninni var vaxandi áróður rokktónlistarfólks gegn útlendingum. Fóru þar fremstir í flokki fasistarnir David Bowie og Eric Clapton. Bowie hampaði í blaðaviðtölum á því að Bretland þyrfti að eignast sinn Hitler. Einnig lýsti hann ósjaldan yfir hrifningu á fasistastjórninni í Chile.

Clapton gekk ennþá lengra. Hann lét sér ekki nægja að lýsa yfir stuðningi við breska nasistaflokkinn (National Front) í blaðaviðtölum og á hljómleikum og níða útlendinga, heldur studdi hann nasistaflokkinn einnig fjárhagslega og skemmti á útihátíð sem nasistar héldu.

(VBL skorar hér á alla andnasista að hunsa algjörlega músíkframleiðslu Bowies og Claptons).

Þegar Tom Robinson gekk til liðs við hreyfinguna sumarið '77, fóru hjólin að snúast heldur betur. Robinson hafði þá nýlega stofnað hljómsveitina Tom Robinson Band.

Tom Robinson Band kom, sá og sigraði á svipstundu, (líkt og Utangarðsmenn & Bubbi). M.a. var hljómsveitin kjörin bjartasta vonin í áramótauppgjöri marktækustu poppblaðanna í Bretlandi '77 /'78. Lag Robinsons "2-4-6-8 Motorway" var kjörið lag ársins á sama vettvangi. Svona mætti áfram telja.

Með vinsældirnar, virðinguna, kraftmikla rokktónlist og beinskeytta, listræna texta að vopni, reif Tom Robinson RAR upp í öfluga fjöldahreyfingu. Áður en árið '78 gekk í garð var RAR komin með innan sinna vébanda þúsundir virkra félaga með ólíkar stjórnmálaskoðanir að öðru leyti en afstöðuna til kynþáttamisréttis.

RAR hefur komið sér upp neti lítilla RAR-klúbba um allt Bretland. Og það eru fleiri en "litaðir" listamenn og "hvítir" róttæklingar á borð við meðlimi hljómsveitanna Henry Cow, Pink Floyd og Clash sem styðja RAR í orði og verki. Gamlar rótgrónar rokkhljómsveitir sem hingað til hafa ekki gefið sig út fyrir að vera hlynntar sósíalisma af neinu tagi keppast við að styðja RAR með stuðningsyfirlýsingum eða með því að spila á RAR-hljómleikum. Nægir í þessu sambandi að benda á hljómsveitirnar Queen, Who og Thin Lizzy. En stuðningur við RAR þýðir erfiðleika í sambúð við stuðningsmenn breska íhaldsflokksins og nasista. (Þið vitið hverjir ráða fjölmiðlum, hljómleikahúsunum og plötubransanum í Bretlandi).

Stærsti sigur RAR til þessa er þó líklega að hreyfingunni tókst að láta kosningabaráttuna í fyrra snúast að miklu leyti um vandamál "litaðra" í Bretlandi.

j.guð.

10 ára afmæli Laxárdeilunnar

umhverfi



Rústir laxastigans, sem sprengdur var. Vatnslitamynd eftir Guðlaug Bjarnason.

Það var seint í ágúst 1970 sem tæplega 100 manna hópur eyðilagði stíflu í Laxá við ósa Mývatns. Nokkrum árum áður hafði stíflan verið gerð í óleyfi landeigenda og hafði hún spillt urriðagöngu milli Laxár og Mývatns. Þess vegna eyðilögðu menn stífluna með skóflum, dráttarvélum og dínamíti, sem fannst í nálægri gjótu.

Ekki þarf þó snjallt hugmyndaflug til að ímynda sér að eyðilegging stíflunnar hafi átt sér fleiri hvata. Nokkrum mánuðum (e.t.v. fáeinum árum) fyrr, höfðu verið settar fram hugmyndir og áætlanir um stórkostlegar virkjunarframkvæmdir í Laxá. Reisa átti allt að 60 metra háa stíflu í Laxá sem sökkva myndi byggð í Laxárdal auk þess sem sækja átti vatn á vatnasvæði Skjálfandafljóts. Töldu mývetnskir bændur að sú veita myndi eyðileggja Mývatn með sandburði.

Lítið og þó sennilega ekkert samráð var haft við heimamenn og náttúruverndarsinna. Þeir aðilar tóku höndum saman í baráttu gegn þessum áformum og vildu ræða við stjórn Laxárvirkjunar og aðra er að málinu stóðu. Þessir aðilar hlustuðu ekki þótt beitt væri til þess friðsamlegum aðferðum, þar sem hæst bar eftirminnilega mótmælaför mörg hundruð manna á 100 - 200 bílum til Akureyrar snemmsumars 1970. Það var ekki fyrr en eftir stíflurofið að hlustað var. Samningar sem síðar voru gerðir verða þó ekki raktir hér.

Mikil réttarhöld fóru fram eftir stíflueyðileggingunum. Þau stóðu lengi hausts, þar sem hver og einn þeirra, sem ábyrgð lýsti á hendur sér, rakti sem ítarlegast rök og ástæður fyrir verkinu. Ýmsar gamansögur eru sagðar frá réttarhöldunum. Bóndi einn er sagður hafa sagt: "Og mér fannst sem áin hrópaði : Nú er ég frjáls". Annar notaði tækifærið til að bölva því hversu ómögulegt væri að hafa hús á dráttarvélum, þegar hann var spurður að því hver hefði stjórnað dráttarvélunum við verkið, út úr þeim sæist svo illa. Stráklingur, 16 ára gamall, var mjög montinn, þegar hann frétti af því í annarri sveit að þar þótti merkilegt að hann hefði verið engu minna málglaður en hinir eldri við réttarhöldin.

Hæstaréttardómur gekk nokkrum árum síðar í málinu, þar sem 60 - 70 manns voru dæmdir, einkum fyrir "sjálftöku réttar", þ.e.a.s. athæfið væri ekki í sjálfu sér ólögmætt, heldur hefði þurft að dæma stíflunar ólöglega fyrst. Dómurinn var skilorðsbundin láglaunasekt og til vara stutt varðhald. Þá stakk Starri í Garði upp á því að gamalt prestshús á Skútustöðum yrði notað sem "heimangöngutukthús" þar sem bændur dveldu milli gegninga á daginn.

Barátta þingeyskra bænda fyrir lífshagsmunum sínum var studd af náttúruverndarsinnum en hafði engan sérstakan pólitískan bakhjarl. Eflaust hefur hún þó fremur verið studd af vinstrisinnum en hægrisinnum, þar sem baráttan var við ráðandi öfl. Mestu máli skiptir þó að menn sofnuðu ekki á verðinum, þegar svipta átti þá tilverugrundvelli sínum.

Þessi saga rifjaðist upp við lestur viðtals við Elías Davíðsson í 11. tbl. Þessi saga minnir á að vaka þarf á verðinum gagnvart erlendri stóriðju sem sækir þjóðina öllu sjálfstæði.

Barátta gegn erlendri stóriðju getur byggst á margs konar forsendum. Sumir berjast gegn spillingu á náttúru landsins, aðrir eru á móti stóriðju vegna áhrifa á félagslíf og atvinnuhætti í byggðarlagi sínu, þriðju telja sjálfstæðu efnahagslífi íslendinga sé bráð hætta búin, fjórðu finnst stóriðja óþjóðleg atvinnugrein í sjálfu sér o.s.frv. Í þing eysku sögunni tóku höndum saman bændur og náttúruverndarsinnar með góðum árangri. Látum þá baráttu hvetja okkur til dáða í baráttunni gegn erlendri stóriðju.

Baldur

Landsbókasafnið
V/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Lausasala: kr. 400
Árskrift: kr. 6.000
Ársstuðningsáskr: kr. 12.000
Árskr. til útl: kr. 12.000

Verkalýðsblaðið

13. tbl. 9. árg. 11. ágúst 1980

Frystihúsajarlarnir:

Þeir eiga nóga peninga

Að undanförnu hefur fjölmiðlum verið tíðrætt um "vanda" frystiiðnaðarins. Sölutregða ku vera á fiski á bandaríkjamarkaði og flest frystihús á landinu meira og minna á hausnum. Sum þeirra hafa meira að segja sagt upp skólafólki og sum sent fasta fólkið í sumarfrí. Eitthvað virðist þó þessum "vanda" vera misskipt, því á sama tíma og barlómur frystihúsaeigenda færist í aukana, berast fréttir af gífurlegum fjárfestingaráformum Seafood Corporation (dótturfyrirtæki SIS í Bandaríkjunum) og Coldwater (dótturfyrirtækis Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bandaríkjunum). Þessi einokunarfyrirtæki á íslenskri fisksölu hyggjast nefnilega reisa frystigeymslur og jafnvel verksmiðjur í Bretlandi.

Mér, sem leikmanni í bókhaldsfrumskógi fyrirtækja, virðist þetta benda til þess að a.m.k. sumir liðir fiskvinnslunnar gefi af sér góðan pening. Pening sem ekki skili sér til lsndsins. Coldwater gefur ekkert upp um gróða sinn og Erlendur Einarsson forstjóri SIS sagði í "beinni línu" hljóðvarpsins fyrir skömmu að allur ágóði Seafood Corp. færi í fjárfestingar erlendis. Það skyldi þó aldrei vera að þarna sé leki á þessari svokölluðu þjóðarköku sem sífellt er verið að skipta á milli launþega? Það hvarflar óneitanlega að manni að af tertunni þeirri arna sé búið að sleikja bæði rjómann og sultuna, áður en kakan kemur til skiptana og að þetta sé ekki eini staðurinn sem lekur

Það er engin ástæða fyrir verkafólk í fiskvinnslu að beygja sig fyrir kveinstöfum frystihúsajarlanna, þegar sölufyrirtæki þeirra hafa greinilega nóg fé handa á milli og ættu því að geta borgað hærra verð fyrir fiskinn. Eða er það ekki í anda samvinnustefnunnar að borga arð þegar vel gengur?

-ei.

S.H. fær lóð í Grimsby:

Reisir fiskgeymslu og e.t.v. fiskvinnslustöð

Borgarráð Grimsby hefur fyrir sitt leyti samþykkt leigusamning sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur gert við lóðareiganda í Grimsby um leigu á lóð undir frystigeymslu og jafnvel fiskvinnslustöð þar í borg.

„Við vorum að fá skeyti um þessa samþykkt borgarráðsins í lok síðustu viku frá sölumanni okkar í Bretlandi, en það er nærri liðið ár síðan við fórum fyrst að huga alvarlega að lóð undir frystigeymslu í Bretlandi" sagði Guðmundur H. Garðarsson blaðafulltrúi SH í samtali við Þjóðviljann í gærkvöldi.

„Það hafa nokkrar lóðir komið til greina og þar á meðal þessi í Grimsby sem stendur nálægt aðalhafnarsvæðinu, og er því mjög heppilegt fyrir okkur.

Að sögn Guðmundar verður ráðist í framkvæmdir við byggingu frystigeymslu á þessari lóð um leið og búið er að ganga frá öllum formsatriðum varðandi lóðarleiguna, en óvíst er ennþá með stærð þeirrar frystigeymslu.

„Þá verður væntanlega einnig komið á fót fiskvinnslustöð á þessari lóð, sérstaklega hugsaðri fyrir Bretlandsmarkað og V-Evrópu, en óvíst er ennþá hvort slík verksmiðja yrði með sama sniði og þær sem reknar eru í Bandaríkjunum, kringumstæður og markaðsmöguleikar koma til með að ráða því," sagði Guðmundur að lokum. —lg.

Frá Thailandi og Kampútseu

Upplýsingastjóri thailensku herstjórnarinnar, Som Kataphan, heldur því fram að þarlend yfirvöld hafi veður af áætlunum víetnama um að hertaka 16 héruð í Norðaustur-Thailandi. Um 40.000 víetnamskir hermenn "hreinsa nú til" á landamærum Kampútseu og Thailands til þess að styrkja stöðu hernámsliðsins áður en tekið er til við meiriháttar árásir á Thailand. Kataphan sagði ennfremur að víetnömsku hersveitirnar ættu í miklum erfiðleikum með að kljást við kampútseanska skæruliða.

Talsmenn Rauða krossins í Bangkok sögðu að árásir víetnama á landamærunum milli Thailands og Kampútseu ykju mjög á vanda flóttamanna. Áður úthlutaði RK um 3000 tonnum matvæla á viku yfir landamærin, en nú aðeins um 200 tonnum.

Frá Kampútseu berast nýjar fregnir frá japönskum, frönskum og júgóslavneskum sjónvarpsfréttamönnum. Þeir heimsóttu frjáls landsvæði og höfuðstöðvar hinnar löglegu stjórnar. Ólíklegt er að íslenska sjónvarpið hafi nokkurn áhuga á fréttaþáttum þessa fólks. Íslensk dagblöð hafa heldur ekki birt frásagnir blaðamannanna Pringle frá Newsweek (21.júlí) og Nations frá Far Eastern Economic Rewiev. Í viðtölum við þá sagði Kieu Samphan m.a. að sósíalisminn væri ekki lengur markmið þjóðfrelsisaflanna og að mikil samvinna milli kommúnista og þjóðlegra afla væri í uppsiglingu. Samphan sagði líka að miklar breytingar yrðu gerðar á stjórnskipulagi og flokki "rauðu khmeranna".

Skæruliðar þjóðfrelsisherjanna eru nú um 45.000 talsins en voru 25.000 fyrir nokkrum mánuðum.

(Klassekampen-Newsweek)

Nýjan verkalýðsflokk?

Verkalýðsblaðið hefur haft samband við nokkra einstaklinga og beðið þá að svara tveimur spurningum.

Sú fyrri hljóðar þannig: Telur þú nauðsyn á nýjum verkalýðsflokki? - og sú seinni: Hvernig lýst þér á sameiningu EIK(m-l) og KFÍ/MI

Svör þessara einstaklinga munu birtast í þessu blaði og næstu tölublöðum. Hér að neðan fara svör Braga Skarphéðinssonar járnsmiðs á Akureyri:

1) Það ætti að koma fljótlega í ljós í þessari óhemjulöngu kjarabaráttu sem núna stendur yfir, hvort þörf er á nýjum slíkum flokki.

2) Ég er mjög ánægður með hana.

Engin svör um áliðnað

Um miðjan sl. mánuð sendi Verkalýðsblaðið bréf til Sigurgeirs Jónssonar aðstoðarbankastjóra Seðlabankans og til Hjörleifs Guttormssonar iðnaðarráðherra. Voru þeir beðnir um svör við spurningum sem viðtal VBL við Elías Davíðsson vöktu meðal ritnenfdarmanna. Elías nefndi að álframleiðsla væri að færast til landa sem hafa bæði hráefni og orku. Spurt var þá hvort yfirlýsingar Sigurgeirs um tíföldun álframleiðslu væru raunhæfar. Eins var vitnað til ummæla Ragnars forstjóra álversins um lélega afkomu þess. Þá benti Elías á útflutning gróða álversins út úr landinu o.fl., sem Sigurgeir og Hjörleifur voru spurðir um. Svör hafa ekki borist - sem segir heilmikið um upplýsingaskyldu og afstöðu framámanna ríkisvaldsins. VBL mun ítreka spurningarnar.

-agé

Sumarbúðir Verkalýðsblaðsins í fyrra.

Prýðilegur Kínafundur

Um 90 manns sóttu fræðslu- og umræðufund Kommúnistasamtakanna í Reykjavík, undir yfirskriftinni: "Hvað er að gerast í Kína?".

Arnþór Helgason, Árni Bergmann og Kristján Guðlaugsson fluttu framsögur, en síðan voru umræður þar sem 8 menn tóku til máls. Áhugaverðar framsögur, góður fundarstaður og skarpar umræður gefa góðar vonir um áframhaldandi fundi sömu tegundar. Helst mátti finna að of stuttum umræðutíma, óskipulegum umræðum og óstundvísi fundarmanna. Kaffisala og bókaborð komu í góðar þarfir.

Árni sagði í sinni framsögu að menn ættu að temja sér gagnrýna afstöðu til Kína. Hann hafði samúð með ýmsum tilraunum Kínverja en taldi vafasamt hve mikið þeir hafi nú horfið frá öllum jöfnuði sem á komst með menningarbyltingunni. Taldi Árni margt vera að færast í "sovéskt horf" í Kína.

Arnþór viðurkenndi ýmsan árangur menningarbyltingarinnar en taldi hana hafa valdið skaða. Hins vegar væru margir þeir sem nú gagnrýndu forystumenn fyrri tíma litlu saklausari sjálfir. Hann taldi hraða efnahagsuppbyggingu mikla nauðsyn og minnti á blómlegri menningu og aukið lýðræði í Kína.

Kristján rakti orsakir ástandsins í Kína og sagði að spurningin stæði um hvort allir Kínverjar ættu að vera jafn fátækir á öllum sviðum eða hvort taka skyldi mið af erfiðri stöðu milljarðaþjóðar og útskýrði ýmis efnahags- og stjórnunaratriði í Kína.

-fréttaritari.

Engar sumarbúðir í ár

Undanfarin ár hafa Einingar samtökin og Kommúnistaflokkurinn haldið sumarmót fyrir félaga og annað áhugafólk. Að þessu sinni mun ekkert slíkt mót verða haldið á vegum hinna ný stofnuðu Kommúnistasamtaka. Orsakirnar eru margar. Mikilvægust er sú að samtökin verða að einbeita sér að uppbyggingu Verkalýðsblaðsins og undirbúningi stefnuskrár sem verður í haust. Í því sambandi verður mikil fundaröð sett upp og er áhugafólki um sumarbúðir bent á hana. Þar gefst gott tækifæri til þess að ræða kommúníska stefnu á Íslandi. Ekki má heldur gleyma því að okkur vantar aðstoð við útgáfu og út breiðslu Verkalýðsblaðsins. Síminn er 29212 milli hálf fimm og hálf sjö alla virka daga nema mánudaga.

(Frá framkvæmdanefnd)